

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Akranesi



Dags eftirlits	9.12.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	350350,973 426834,143

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlitið er varðar meðhöndlun jarðvegs innan lóðar stöðvarinnar. Sett var fram ein ábending er varða girðingu umhverfis stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Akranesi þann 9. desember 2025.

Boðuð dagskrá var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Farið yfir starfsleyfið
3. Eftirlitsmælingar og skráningar
4. Áætlanir og viðbrögð
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Önnur mál
7. Vettvangsskoðun

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Engin frávik komu fram í síðasta eftirliti og engin ábending var sett fram

2. Farið yfir starfsleyfið

Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar sem var aflögð árið 2018 og er í lokunarferli. Unnið er eftir áætlun um meðhöndlun jarðvegs sbr. gr. 1.5 í starfsleyfi. Er áætlunin dagsett 4. júní 2018.

3. Eftirlitsmælingar og skráningar

Engar eftirlitsmælingar hafa verið gerðar frá því að stöðin var aflögð.

4. Áætlanir og viðbrögð

Stöðin er aflögð og unnið er eftir áætlun við að hreinsa jarðveg innan lóðar.

5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Stöðin er í lokunarferli og verður vettvangsheimsókn framkvæmd á þriggja ára fresti á meðan unnið er eftir áætlun um meðhöndlun jarðvegs skv. starfsleyfi.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

7. Vettvangsskoðun

Stöðin er afgirt og var girðing að mestu í lagi og hlið læst þegar komið var að stöðinni. Fylgjast þarf með girðingu næst sjónum, en hún hefur aðeins látið á sjá. Búið er að fjarlægja alla geyma en geymsluhús stendur eftir á lóðinni. Samkvæmt áætlun um meðhöndlun jarðvegs, dags. 4. júní 2018, er þróarbotn enn í lagi og fráveitukerfi og olíuskilja enn virk. Efnishaugar með menguðum jarðvegi eru innan girðingar og er gert ráð fyrir að olíuefni sem myndu hugsanlega skolast úr fara í olíuskilju. Girðingar og hlið verða látin standa á meðan lóðin er hreinsuð.

Samkvæmt skipulagi er lóð stöðvarinnar iðnaðarlóð og áætlað var að það tæki um 3-4 ár að hreinsa jarðvegin þannig að hann næði þeim viðmiðum sem leiðbeiningar um meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs setja fyrir slíkar lóðir. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur enn ekki verið hreyft við menguðum jarðvegi innan lóðarinnar og

hreinsunaraðgerðir því ekki hafnar. Er það ekki í samræmi við fyrirfram gerða áætlun, sbr. gr. 1.5 í starfsleyfi, sem samþykkt var af Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. ágúst 2018. Því er hér um frávík að ræða.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
Gr. 1.5 í starfsleyfi	Ganga skal frá húsnæði, geymum, lögnum, tækjum og menguðum jarðvegi í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur enn ekki verið hreyft við menguðum jarðvegi innan lóðarinnar og hreinsunaraðgerðir því ekki hafnar samkvæmt samþykktri áætlun um hreinsun jarðvegs, dags. 4. júní 2018.

ÁBENDINGAR

Fylgjast þarf með ástandi girðingar umhverfis lóð stöðvarinnar.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 08.01.2026

Stella Hrönn Jóhannsdóttir